

Helga Maureen Gylfadóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Húsakönnun

Grundarstígur – Skálholtsstígur – Þingholtsstræti – Spítalastígur



Reykjavík 2011

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 156


Húsakönnun

Grundarstígur – Skálholtsstígur – Þingholtsstræti – Spítalastígur

Staðgreinireitur 1.183.3

Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður



Reykjavík 2011

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 156

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Húsverndarkort Reykjavíkur: Þórarinn Jón Jóhannsson, Skipulags- og byggingarsviði
Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.
Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Mynd á forsíðu:
Loftmynd af svæðinu frá um 1927. Ljósmyndari ókunnur. Minjasafn Reykjavík –
Árbæjarsafn, I-789.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr. 156
Reykjavík 2011
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

1. Húsakönnun

Formáli.....	5
Byggingarsaga.....	7
Varðveislumat.....	21
Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	23

2. Húsaskrá

Grundarstígur 2.....	27
Grundarstígur 2a.....	28
Grundarstígur 4.....	29
Grundarstígur 6.....	30
Grundarstígur 8.....	31
Grundarstígur 10.....	32
Þingholtsstræti 25.....	33
Þingholtsstræti 27.....	34

3. Húsaskrá – Horfin hús – Flutt hús

Grundarstígur 2.....	38
Þingholtsstræti 28 (áður 27).....	39
Heimildaskrá.....	41
Myndaskrá.....	43

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireit **1.183.3** í Reykjavík en svæðið afmarkast af Grundarstíg, Skálholtsstíg, Þingholtsstræti og Spítalastíg. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur eru innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Elsta húsið á reitnum er frá árinu 1884 en það yngsta frá 1981. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa er lagt mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningar-sögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð. Varðveislugildi húsa* byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þýngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Stuðst er við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Mars 2011,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireitnum **1.183.3** í Reykjavík, sem hlotið hefur verkheitið „Grundarstígsreitur“.

Staðsetning

Svæðið sem er til umfjöllunar afmarkast af Grundarstíg, Skálholtsstíg, Þingholtsstræti og Spítalastíg.



Kort af svæðinu sem er hér til umfjöllunar.¹

Húsagerð og aldur

Á reitunum standa í dag níu hús, þar af tvö sem skráð eru undir sama húsnúmerinu, Þingholtsstræti 27. Af þessum níu húsum eru tvö timburhús, eitt hlaðið úr holsteini og sex steinsteypt. Eitt húsanna er einlyft að upphaflegri gerð, þrjú eru tvílyft, þrjú þrílyft og tvö teljast fjórlyft. Flest eru húsin fyrsta kynslóð húsa á lóðunum en á sumum lóðanna stóðu áður stakir torfbæir. Á lóðinni Þingholtsstræti 27 stóð áður timburhús sem skemmdist í eldsvoða árið 1975 og var flutt yfir á lóðina Þingholtsstræti 28 og gert þar upp.

Segja má að núverandi byggð á reitnum endurspegli þann fjölbreytileika í húsagerð sem gjarnan má finna í elstu hverfum borgarinnar og sé á sinn hátt vitnisburður um þróun byggðar í Reykjavík frá síðustu áratugum 19. aldar fram á 9. áratug 20. aldar.

Elsta húsið á reitnum er byggt árið 1884 og stendur við Þingholtsstræti 25. Það er timburhús í nýklassískum stíl og var hönnuður þess Helgi Helgason forsmiður (1848–1922). Helgi hafði mikil áhrif á íslenska húsagerð í Reykjavík á síðasta fjórðung 19. aldar og þróaði að fullu hinn klassíska stíl í timburhúsagerð hér á landi.² Einkenni timburhúsa af nýklassískri gerð er að þau eru flest tvílyft með lágu risi og mikilli lofthæð. Þau eru mörg hver skreytt með

¹ <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (13.01.2011).

² Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 140.

klassísku skrauti eins og úrskornum vindskeiðum og bönd eru umhverfis á miðjum vegg og undir þakskeggi og bjórum yfir gluggum og hurðum líkt og á Þingholtsstræti 25.³

Næstelsta húsið á reitnum er reist árið 1906 og stendur við Grundarstíg 6. Það flokkast til þeirrar stílgerðar sem kölluð hefur verið bárujárnssveitser og hefur sömu einkenni og norsku sveitserhúsin fyrir utan að veggir og þök voru klædd bárujárn og tók allur frágangur mið af því efni. Sveitser er norskt byggingarlag sem barst til landsins í kringum aldamótin 1900 og var aðlagð íslenskum aðstæðum. Þessi hús stóðu yfirleitt á hærri kjallara en litlu timburhúsin og voru byggð með háu porti, risi og stóru þakskeggi og jafnvel útskornu skrauti undir þakskeggi og gluggum.⁴

Árið 1915 og 1920 risu tvö steinsteypuhús á reitnum, Grundarstígur 10 og Grundarstígur 8. Hið fyrrnefnda, Grundarstígur 10, er steinsteypuhús í júgendstíl og er að mati Harðar Ágústssonar meðal frumkvöðlaverka í gerð steinsteypuhúsa.⁵ Það er tvílyft með mansardþaki, steypu á neðra broti og stórum kvisti með svölum á framhlið.⁶ Hið síðarnefnda, Grundarstígur 8, er hlaðið úr holsteini en holstein var farið að verksmiðjuframleiða hér á landi í byrjun 20. aldar.⁷ Húsið tilheyrir þeirri stílgerð sem kölluð hefur verið steinsteypuklassík og mótaðist hér á landi í upphafi steinsteypualdar þegar farið var að byggja hér steinsteypu hús að fyrirmynd evrópskra múrsteinshúsa í nýklassískum stíl. Sú húsagerð sem upp úr þessu þróaðist varð ráðandi hér á landi upp úr 1915 og fram á 4.áratug 20. aldar og voru ýmis klassísk áhrif og einkenni þá áberandi í steinsteypuhúsum. Meðal einkennanna eru regluleg og samhverf gluggasetning, hálfslúur á veggjum, bjórar yfir gluggum og dyrum, steypu þakskegg, hæðarhönd sem skilja sökkul frá efri hæðum og ávöl húshorn með hornluggum.⁸ Einnig voru byggð á þessu skeiði hús án klassíks skrauts en með formi og gluggasetningu nýklassísku húsanna og á það við um Grundarstíg 8.⁹

Þrjú steinsteypu hús voru byggð á reitnum á árunum 1925–1929 og flokkast þau öll til steinsteypuklassíkur. Hús þessi voru byggð á þeim tíma þegar fyrstu lögin um skipulag kauptúna og sjávarþorpa höfðu nýverið tekið gildi (1921) og unnið var að fyrsta heildarskipulagsuppdrættinum fyrir Reykjavík, sem samþykktur var árið 1927. Uppdráttur þessi náði til svæðisins innan Hringbrautar (þ.e. núverandi Ánanausta, Hringbrautar, Þorfinnsgötu og Snorrabrautar) og Skúlagötu og gerði ráð fyrir samfelldum röðum tveggja og þriggja hæða steinhúsa meðfram flestum götum. Slík skipulagsgerð er nefnd blokkbygging eða randbyggð og þekkist meðal annars frá Kaupmannahöfn og Berlín.¹⁰ Skipulagið frá 1927 náði aldrei fram að ganga í heild sinni en skipulagshugmyndir þessa tíma höfðu þau áhrif á þróun eldri hverfa innan Hringbrautar að farið var að byggja hús með það í huga að þau yrðu hluti af sambyggðri húsaröð. Það á við um flest þau hús sem byggð voru á reitnum sem hér um ræðir eftir 1920.

³ Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna, bls. 107.

⁴ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 112 — Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna, bls. 109–111.

⁵ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð II*, bls. 321 og 364.


⁶ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 330.

⁷ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 329.

⁸ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 322 — Skrá yfir friðuð hús, bls. 118–119.

⁹ Skrá yfir friðuð hús, bls. 118.

¹⁰ Páll Línal: *Bæirnir byggjast*, bls. 186–188 — Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 113, 117–118 — Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur*, bls. 42–43 — Nikulás Úlfar Mátsson: „Ágrip byggðarþróunar í Reykjavík“, bls. 22.



Hluti af skipulagsuppdraettinum frá 1927.¹¹

Ekki var aftur byggt á reitnum fyrr en árið 1947 þegar *Prentsmiðjan Hólar* reisti prentsmiðju og íbúðarhúsnæði á lóðinni Þingholtsstræti 27. Húsið er hannað í anda fúnkísstíls sem var orðin ráðandi stílgerð á þessum árum. Kenningin á bak við fúnkísstefnuna er sú að formið skuli leiða af hlutverki mannvirkisins eða „fúnksjóninni“. Útlit húsanna eigi því endurspegla notkun þeirra. Markmið fúnkísmanna var að útrýma óþarfa skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi.¹²

Yngsta húsið á reitnum var byggt árið 1981 sem viðbygging við Þingholtsstræti 27. Það er fjölbýlishús, byggt í anda húsagerðar 9. áratugar 20. aldar.

Breytingar

Misjafnt er hve miklar breytingar hafa verið gerðar á húsunum sem hér eru könnuð. Húsin eru flest óbreytt að stærðum frá byggingu og hafa flest haldið upprunalegri gerð og megininkennum sínum. Stöku gluggabreytingar hafa verið gerðar á húsunum og nýjum svölum komið fyrir á þremur þeirra. Nokkuð hefur verið um að fyrirkomulagi hafi verið breytt innanhúss, atvinnuhúsnæði innréttað og áður gerðar íbúðir í kjöllum og risum húsanna samþykktar af byggingarfulltrúa.¹³

¹¹ Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 108.

¹² *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, bls. 13–14 — *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 123–124.


¹³ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grundarstíg 2-10 og Þingholtsstræti 25 og 27.

Höfundar

Af þeim níu húsum sem hér eru til rannsóknar er ekki vitað um höfunda eins, Grundarstígs 6, en þó er til upphafleg teikning af húsinu. Eins og áður hefur verið minnst á hannaði Helgi Helgason forsmiður (1848–1922) húsið að Þingholtsstræti 25. Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari (1906–1988) teiknaði Grundarstíg 2 en arkitektarnir Þorleifur Eyjólfsson (1896–1968) og Sigurður Pjetursson (1896–1959) húsið að Grundarstíg 2a. Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari (1887–1958) teiknaði Grundarstíg 4 og Pjetur Ingimundarson byggingameistari (1878–1944) Grundarstíg 8. Benedikt Jónasson verkfræðingur (1879–1954) teiknaði húsið að Grundarstíg 10 en þetta er annað af tveimur verkum eftir hann sem vitað er um. Hitt er Laugavegur 42 frá árinu 1911. Arkitektarnir Gísli Halldórsson (1914) og Sigvaldi Thordarson (1911–1964) hönnuðu húsið að Þingholtsstræti 27 en viðbyggingin er eftir arkitektana Guðmund Kr. Guðmundsson (1937) og Ólaf Sigurðsson (1935).¹⁴

Saga svæðisins

Upphaf byggðar á þeim húsareit sem hér er til umfjöllunar má rekja aftur til ársins 1830. Byggð við Þingholtsstræti hófst þó þegar í byrjun 19. aldar og árið 1806 voru fimm bæir við götuna, allir austanmegin. Gatan hélt áfram að byggjast eftir 1874 og árið 1884 var „*Nýi Spítalinn*“ reistur við Þingholtsstræti 25.¹⁵ Þar fyrir ofan, við núverandi Grundarstíg, stóðu áður torfbæirnir: *Norður-Berg*, *Berg*, *Suður-Berg* og *Halldórsbær*.¹⁶



Teikning af svæðinu 1876 eftir Niels Aage-Edwin. Býlin við núverandi Grundarstíg fyrir ofan miðju hægra megin.¹⁷

Torfbær, sem kallaður var *Norður-Berg*, reis á núverandi lóð Ingólfsstrætis 23 árið 1848. Sá bær var rifinn árið 1887 og núverandi hús reist. Það er steinbær sem enn gengur undir heitinu *Norður-Berg*.¹⁸ Steinbærinn stendur á horni Ingólfsstrætis og Spítalastígs og ber

¹⁴ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 112, 330, 361 og 366.

¹⁵ Jón Helgason: *Reykjavík 1786–1936*, bls. 59 — Jón Helgason: *Þegar Reykjavík var 14 vetra*, bls. 19.

¹⁶ Jón Helgason: *Reykjavík 1786–1936*, bls. 62.

¹⁷ Hluti af korti Niels Aage-Edwin af Reykjavík 1876. Teikning gerð af korti sem Benedikt Gröndal teiknaði eftir mælingum Sveins Sveinssonar. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

¹⁸ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Ingólfsstræti 23.

elstu byggð á þessu svæði mjög gott vitni. Talið er að torfbærinn *Berg* hafi verið reistur árið 1833 á núverandi lóð Grundarstígs 2. Fyrsti eigandi hans var Erlendur Runólfsson, sonur Runólfs Klemenssonar í *Lækjarkoti*. Árið 1856 eignaðist Zakarías Árnason bæinn en hann var giftur dóttir Erlends, Sigríði. Eftir það var bærinn gjarnan nefndur *Zakaríasbær*. Zakarías var rennismiður og þekktur fyrir vel gerða rokka. Hann stundaði einnig sjóinn og var garðhleðslumaður mikill. Börn Zakaríasar og Sigríðar voru vegavinnustjórnir Árni og Erlendur, Magnús bókhaldari og Ingibjörg, eiginkona Stefáns Kr. Bjarnasonar skipstjóra. Árið 1879 fékk Zakarías leyfi til að byggja bæinn upp að nýju og var nýtt hús virt á lóðinni árið 1880. Það var rífið árið 1928 til að rýma fyrir núverandi húsi á lóðinni.¹⁹ *Suður-Berg* stóð á núverandi lóð Grundarstígs 11. Þar var reistur torfbær árið 1851 sem kallaður var í upphafi *Björnsbær* eftir eiganda sínum. Árið 1861 var hann ýmist kallaður *Suður-Berg*/*Syðsta-Berg* eða *Litla-Berg*. Torfbærinn var rifinn árið 1884 og nýr steinbær reistur á lóðinni. Steinbærinn var stækkaður og endurbættur árið 1897 en varð síðan að víkja fyrir núverandi húsi á lóðinni árið 1919.²⁰ Lóðin að Grundarstíg 10 var áður hluti af lóð Þingholtsstrætis 27 en sú lóð tilheyrði áður Skálholtstúni. Þar stóð árið 1836 torfbær sem nefndur var *Bær* en fyrsti eigandi hans var Arnlfótur Jónsson. Ekki er vitað með vissu um byggingarár hans. Bærinn var sagður standa fyrir ofan túngarðinn í Stuðlakoti. Halldór Halldórsson keypti bæinn árið 1836 og var bærinn nefndur *Halldórsbær* eftir það. Árið 1889 var bærinn nefndur *Syðstibær* en árið 1897 keypti Jón Jensson yfirdómari bæinn og reif hann til að byggja nýtt hús á lóðinni.²¹ Ekki er að finna fleiri heimildir um aðra torfbæi á þeim reiti sem hér er til umfjöllunar. Þó er vert að ítreka að ekki var algilt að öll torfhús væru brunavirt.



Svæðið á korti Benedikts Gröndal frá 1887. Þingholtsstræti 25, *Spítalinn*, er litaður rauður.²²

¹⁹ Jón Helgason: *Reykjavík 1786–1936*, bls. 62 — Guðjón Friðriksson: „Á slóðum Grundarbæjanna í Reykjavík“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. október 1990, bls. 8 — Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grundarstíg 2.

²⁰ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grundarstíg 11.

²¹ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Þingholtsstræti 27.

²² Hluti af korti Benedikts Gröndal af Reykjavík 1887. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

Eins og áður segir er elsta húsið sem hér er til umfjöllunar Þinghóltsstræti 25 sem reist var sem sjúkrahús árið 1884. Byggingarleyfið var veitt árið 1882 og í virðingu frá júlí 1884 segir að húsið sé byggt við tilvonandi framhald á Þinghóltsstræti. Húsið er tvílyft timburhús þar sem múrað er í binding. Á sömu lóð var einnig reist árið 1885 líkhús úr bindingi en það var síðar rífið (1985).²³ Enn í dag má þó sjá grunn líkhússins fyrir ofan húsið að Þinghóltsstræti 25. Að margra mati þótti sérstaklega reimt við líkhúsið og forðuðust margir krakkar að fara þarna um eftir að skyggja tók.²⁴



Húsið að Þinghóltsstræti 25 um 1955–1965. Líkhúsið stendur á bak við húsið og þétt upp við Grundarstíg 2.²⁵

Húsið var reist af *Sjúkrahúsfélagi Reykjavíkur* sem stofnað var af nokkrum embættismönnum og kaupmönnum á afmælisdegi konungs þann 6. október 1863. Aðalmarkmið félagsins var að koma upp sjúkrahúsi í bænum. Félagið rak sjúkrahús í Klúbbhúsinu við Aðalstræti en seldi húsið skoskum fatakaupmanni um 1882. Hilmar Finsen landshöfðingi lagði til við stjórnvöld árið 1881 að í fjárlagafrumvarpinu 1882–1883 yrði tekin upp fjárveiting til að koma upp spítala í Reykjavík sem landsjóður ræki. Þetta vildu stjórnvöld ekki fallast á og töldu réttara að Reykjavík kæmi sér upp sjúkrahúsi af eigin rammleik eða í félagi við nágrannahéruð. Því var það að *Sjúkrahúsfélagið* hófst handa við að reisa sjúkrahús í Þingholtunum.²⁶ Fljótlega eftir að húsið var reist komu upp óánægjuraddir í blöðum bæjarins um hve ófullkomið húsið var. Schierbeck landlæknir fann húsinu flest til foráttu í grein sem birtist í *Ísafold* þann 29. október 1884. Honum þótti hinn nýi spítali vera :”... mjög lítilfjörlegt hús úr timbri, með mörgum göllum, og þótt það sje bætt eða því breytt, getur það

²³ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 —Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Þinghóltsstræti 25.

²⁴ Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 72-73.

²⁵ Ljósm. Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, PTH 028 035 2-2.

²⁶ Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi, bls. 32-43.

aldrei orðið að velgjörðu steinhúsi, sem sje hæfilega stórt og sem landið og Reykjavíkurbær geti gjört sig ánægð með...”²⁷ Hann setti einnig út á loftræstingu í húsinu en ekki voru opnanleg fög á öllum gluggum. Engin stofa þótti honum vera nógu björt til að hægt væri að stunda þar skurðlækningar. Hann setti líka út á það að frárænnslí frá húsinu var ekkert nema niður á túnið fyrir neðan húsið.²⁸ Jónas Jónassen héraðslæknir og formaður sjúkrahúsfélagsins svaraði skrifum Schierbeck og taldi hann að sjúkrahærbærgin væru mjög viðundandi og mikil framför frá því sem áður var. Varðandi þau ummæli landlæknis að sjúkrahúsið væri of lítið taldi Jónas ekki vera þar sem fátækt hamlaði sjúklingum að fara á sjúkrahús.²⁹ Þar reyndist Jónas ekki sannspár því það kom brátt í ljós að spítalinn var óhentugur og of lítill. Hann var þó eina sjúkrahúsið í bænum þangað til *Landakotsspítali* hóf starfsemi árið 1902.³⁰

Starfsemi *Læknaskólans*, sem stofnaður var árið 1876, fór fram að miklu leyti í húsinu fram til ársins 1910. Í líkhúsinu fór meðal annars fram kennsla í krufningum. Árið 1902 var sjúkrahúsrekstri að mestu hætt í húsinu en árið 1910 keypti bærinn húsið og innréttaði íbúðir í því og leigði út. Búseta var í húsinu fram til ársins 1919 þegar bæjaryfirvöld ákváðu að þörf væri á að bærinn hefði yfir að ráða farsóttahúsi. Bærinn endurbætti húsið talsvert og hafði Jón Þorláksson yfirverkfræðingur umsjón með framkvæmdunum. Jón Hj. Sigurðsson var ráðinn læknir og forstöðumaður farsóttasjúkrahússins og María Maack hjúkrunarkona þess, en hún gengdi því starfi í yfir 50 ár. Sjúkrahússtarfsemi var rekin í húsinu fram til ársins 1969 er húsinu var breytt í gistiheimili fyrir heimilislausa áfengissjúklinga.³¹



Bréfkorn sem birtist á forsíðu *Vísis*.³²

Eins og áður segir þá var María Maack hjúkrunarkona í *Farsóttahúsinu* í yfir 50 ár. María Bóthildur Jakobína Pétursdóttir Maack (1889–1975) fæddist á prestsetrinu *Stað* í Grunnavík og ólst upp á *Faxastöðum* í Grunnavík frá 1894. María hélt til Reykjavíkur 1908 og hóf hjúkrunarfræðinám á *Laugarnesspítala*. Hún starfaði sem hjúkrunarkona við *Laugarnesspítala* og í Vestmannaeyjum en réði sig svo til starfa hjá Reykjavíkurbæ árið 1918, fyrst við *Franska spítalann* og þar á eftir við *Sóttvarnarhúsið* í Ánanaustum. Hún hóf störf við *Farsóttahúsið* í febrúar 1920 og gegndi þar störfum allt til ársins 1964.³³ Þegar María var sjötug var tekið við hana blaðaviðtal þar sem hún sagði frá veru sinni í *Farsóttahúsinu*:

„Um haustið kom þessi ógurlegi vágestur, Spánska veikin. Sjúklingar voru lagðir inn hjá okkur [í Franska spítalann] og líka í barnaskólahúsið, en þeir sjúklingar voru seinna fluttir í Landakot. Þegar þetta reyndist ófullnægjandi var tekið á leigu Sóttvarnarhúsið vestur við sjó, og þar vorum við til 1920. Þá þurfti að koma

²⁷ Ísafold, 29. október 1884, bls. 170.

²⁸ Ísafold, 29. október 1884, bls. 170.

²⁹ Ísafold, 5. nóvember 1884, bls. 174–175.

³⁰ Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi, bls. 42.

³¹ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Þingholtsstræti 25.

³² *Vísir*, 20. nóvember 1920, bls. 1.

³³ www.gardur.is : María Maack — *Morgunblaðið*, 21. október 1959, bls. 8 — *Vísir*, 21. október 1964, bls. 7 og 10.

taugaveikissjúklingum fyrir og var tekin neðsta hæðin í þessu húsi við Þingholtsstræti. 13. febrúar flutti ég með taugaveikissjúklingana aftan á vörubíl vestan að í kafófærð. ... Farsóttarhúsið er enn eins og þá var gengið frá því, en þetta var og er enn mjög vandað hús. Fyrsti sjúklingurinn, Sigríður Jónsdóttir, sem er enn kennarafrú hér í bænum, kom í sjúkrahúsið í september. Uppi voru síðar hafðir sjúklingar, sem ekki var rúm fyrir annars staðar, og seinna berklasjúklingar, en niðri farsóttarsjúklingar. Síðan hafa komið upp hér í bænum margar farsóttir, t.d. var taugaveiki alltaf öðru hverju að stinga sér niður hér áður. Og barnaveikin var hræðilegur sjúkdómur áður en farið var að

sprauta við henni. Alla þessa sjúkdóma höfðum við hér, og aldrei kom það fyrir nokkur smitaðist, en maður varð auðvitað að fara ákaflega varlega. ... Árið 1949, eftir síðasta mænuveikifaraldur, lét bærinn undir forustu Gunnars Thoroddsen borgarstjóra koma upp sundlaug úr ryðfríu stáli hér á efri hæðinni og kom það sér ákaflega vel. Árið 1955 var lagt niður farsóttarhúsið í þessum húsakynnum, en hingað teknir aðrir sjúklingar. Nú er hér alltaf fullt af veikluðu fólki, sem er sér til hressingar og lækninga. Ég saknaði þess reglulega þegar börnin hættu að koma hingað. Þó er ég ekkert óánægð með þetta fyrirkomulag. Mér þykir ágætt að geta hlynnt að þessu fólki. Og mér þykir vænt um þá sjúklinga, sem hér hafa verið, enda er þetta yfirleitt gott og vinalegt fólk.“³⁴



Horft frá Skólavörðuholti vestur yfir Reykjavík árið 1902. Fremst á myndinni sjást bærir við Óðinsgötu og Bergstaðastræti. Til hægri má meðal annars greina Bjargarstíg 17, *Heilmannsbæ*, og Bergstaðastræti 22, *Miðgrund*. Háa húsið þar á bak við er Þingholtsstræti 25, *Farsóttahúsið*.³⁵

Húsin við Grundarstíg 6, 8 og 10 eru reist á þeim tíma er íbúum fjölgaði mjög ört í Reykjavík. Frá aldamótunum 1900 til ársins 1915 fjölgaði íbúum um meira en helming, úr 5.800 í 14.200. Um þetta leyti tekur byggðin í Þingholtunum, Vesturbænum og Skugga-hverfinu að þéttast og Reykjavík nútímans tók að líta dagsins ljós. Í kjölfar fjölgunar bæjarbúa varð tilfinnanlegur skortur á húsnæði.³⁶ Á þeim tíma þegar þessi hús voru byggð og göturnar voru lagðar voru skipulagsmál bæjarins fremur stutt á veg komin og ekki hafði verið mótuð nein heildarstefna í skipulagsmálum. Þó voru ýmsar reglur í gildi sem komu í veg fyrir að byggðin þróaðist af handahófi. Árið 1903 var sett viðamesta byggingarsamþykkt fyrir bæinn

³⁴ *Morgunblaðið*, 21. október 1959, bls. 8.

³⁵ Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, fyrri bindi, bls. 225.

³⁶ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 40 og síðari hluti, bls. 107 —*Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, bls. 20.

fram að því. Samkvæmt henni var stærð húsa háð lóðarstærð að því leyti að óbyggður hluti lóðarinnar mátti ekki vera minni en hússtæðið. Allstórar lóðir fylgdu því upphaflega flestum húsum á þessum tíma. Með þessari byggingarsamþykkt varð einnig skylda að klæða bæði þök og veggj húsa með bárujárni og var því ákvæði fylgt vel eftir.³⁷



Svæðið á korti frá 1902.³⁸

Frá byggingu Þingholtsstrætis 25 liðu yfir 20 ár áður en nýtt hús var reist á reitnum. Það var Grundarstígur 6 sem var byggt árið 1906. Fjórtán árum síðar reis nýtt hús á lóð Grundarstígs 10. Það hús reisti Hannes Hafstein (1861–1922) fyrsti ráðherra Íslands. Húsið er steinsteypuhús, reist eftir stórbrunann í miðbæ Reykjavíkur árið 1915. Þá var samþykktur viðauki við byggingarreglugerðina frá 1903 þar sem kveðið var á um að ekki mætti „byggja neitt hús í Reykjavíkurbæ úr öðru efni en steini eða steinsteypu, eða öðru efni, ekki ótraustara eða óeldtryggara“.³⁹ Eftir það tók því sem næst fyrir byggingu timburhúsa í Reykjavík og steinsteypa tók við sem aðalbyggingarefnið. Þó var gerð undantekning fyrir timburhús sem voru ekki stærri en 75 fermetrar, ekki hærri en tvílyft og stóðu stakstæð í vissri fjarlægð frá götu og lóðarmörkum.⁴⁰ Hús Hannesar Hafstein er gott dæmi um hús frá upphafsárum steinsteypualdarinnar í húsagerð í Reykjavík.

Hér eyddi Hannes síðustu æviárum sínum en hann lést þann 13. desember 1922. Kristján Albertsson skrifaði svo um ævikvöld Hannesar á Grundarstíg:

„Nú hefur hann ekki framar skap í sér til að rjúfa kyrrð hússins með glaumi og gáska dansandi æsku. Hann hjalar við dætur sínar á kvöldin, eða spilar við þær; kennir þeim treikort, flókið og fyndið spil, sem hann hafði lært í æsku — og finnur upp á ýmis konar dundi til afþreyingar og hugarhægðar. Handa yngstu dætrunum býr hann til hálsfestar úr þurrkuðum melónukjörnum og appelsínukjörnum, sem hann litar með rauðu bleki, svo þeir verða eins og kórarlar. Annars eru kvöldin stundum lengi að líða. Hann mun aldrei hafa fengið fulla bót á þeirri blindu á öðru auga, sem orsakaðist

³⁷ Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn*, bls. 21–22.

³⁸ Hluti af korti Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kmh. af Reykjavík 1902. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

³⁹ Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn*, bls. 23 — *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1915 B*, bls. 152.

⁴⁰ Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn*, bls. 23 — *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1915 B*, bls. 152.

af heilablæðingunni haustið 1914, og þreytist fljótt við lestur. Hann fer að bjóða til sín gestum, kvöld og kvöld og þiggja heimboð. Oft er hringt til hans af sumum heimilum, þegar menn gera sér dagamun, og hann beðinn að koma. Bannlögin eru gengin í gildi, en margir hafa birt sig upp, enginn hörgull á vínföngum. Smámsaman er gert orð á því, að Hannes Hafstein sitji nú oftast að drykkjum og lengur, en vani hans hafði verið.“⁴¹



Húsareiturinn á korti frá 1915. Húsin nr. 6 og 10 við Grundarstíg eru risin en bærinn *Berg* stendur enn á horninu.⁴²

Á 3.áratug 20. aldar var sá hluti Grundarstígs sem hér um ræðir fullbyggður. Húsið að Grundarstíg 8 var reist árið 1920 og á árunum 1925–1929 risu húsin við Grundarstíg 2, 2a og 4. Þau voru byggð eftir að fyrstu lögin um skipulag kaptúna og sjávarþorpa höfðu tekið gildi (1921) og unnið var að fyrsta heildarskipulagsuppdrættinum fyrir Reykjavík, sem samþykktur var árið 1927.


Í dag er fyrst og fremst íbúðabyggð á reitnum. Húsin tvö við Þingholtsstræti sem hér eru könnuð voru þó bæði reist í öðrum tilgangi. Í húsinu Þingholtsstræti 25 var upphaflega eins og áður segir spítali bæjarbúa en í dag er þar rekið gistiskýli fyrir afar veika áfengis-sjúklinga sem eiga að baki langa vímuefnaneyslu. Í skýlinu fá menn hrein rúm og bað- og þvottaaðstöðu og morgunverð. Árið 2007 samdi Velferðasvið Reykjavíkurborgar við *Samhjálp* um rekstur á gistiskýlinu.⁴³ *Prentsmiðjan Hólar* reisti húsið að Þingholtsstræti 27 árið 1947 og starfrækti þar prentsmiðju til fjölda ára. Hafsteinn Guðmundsson prentsmiðju-stjóri (1912–1999) stjórnaði prentsmiðjunni frá stofnun hennar 1942 og til ársloka 1965. Hafsteinn hóf prentnám 14 ára gamall og hóf starfsferilinn hjá *Ísafoldarprenti*. Eitt aðalverkefni hans hjá *Hólum* var að hanna og prenta útgáfubækur *Heimskringlu* og *Máls og*

⁴¹ Guðjón Friðriksson: „Á slóðum Grundarbæjanna í Reykjavík“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. október 1990, bls. 9.

⁴² Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar af Reykjavík 1915.

⁴³ www.samhjalp.is

menningar.⁴⁴ Hann var líka annar stofnandi bókaútgáfunnar *Þjóðsögu* sem gaf út ritröðina *Íslensk þjóðmenning*.⁴⁵ Árið 1981 var reist viðbygging við húsið sem í voru íbúðir og skrifstofur. Í húsunum hefur verið ýmiskonar atvinnustarfsemi frá því að þau voru byggð. Meðal annars lestrasalur Borgarbókasafnsins ásamt aðalskrifstofum bókasafnsins, saumastofa *Felds hf.*, nýlenduverslunin *Matur og drykkur*, *MÍR* og bókaútgáfan *Leiftur*. Frá árinu 2000 hafa verið í húsunum, auk íbúða, ýmsar stofur arkitekta sem og Íslandsdeild *Amnesty International*.



Prentsmiðjan Hólar árið 1953.⁴⁶

Húsin við Grundarstíg sem hér eru könnuð voru öll reist sem íbúðarhús en þó hefur ýmis starfsemi einnig farið fram í þeim. Í húsinu Grundarstíg 2a var starfræktur *Handíða- og myndlistarskólinn* frá árinu 1941 til 1957. Skólinn var stofnaður af Lúðvík Guðmundssyni árið 1939 og starfrækti hann skólann sem einkaskóla fyrstu þrjú árin. Lúðvík keypti húsið að Grundarstíg 2a árið 1941⁴⁷ og þegar húsið var brunavirt árið 1945 var búið að breyta íbúðum þess í skólastofur. Á 2. hæðinni var komin trésmíðastofa og var búið að taka í burtu hurðir og dyraumbúnað og víkka dyraop. Einnig var búið að taka burt allan eldhúsumbúnað. Þá voru á hæðinni fjögur samliggjandi vinnuherbergi með tveimur hefilbekkjum og tveimur rafknúnum vinnuvélum. Á hæðinni fyrir ofan var búið að gera svipaðar breytingar og var þar nú bókbandsvinnustofa og leðuriðja og „annað smádútl“. Á rishæð hússins voru enn íbúðarherbergi líkt og áður. Í skúr á lóðinni frá 1941 var handmálningarkennsla á efri hæð en geymsla og þurrkherbergi á neðri hæð. Í viðbyggingu við skúrinn fór fram smíðakennsla.⁴⁸

⁴⁴ *Morgunblaðið*, 10. september 1999.


⁴⁵ *Morgunblaðið*, 14. desember 1989.

⁴⁶ *Þjóðviljinn*, 20. september 1953, bls. 12.

⁴⁷ *Þjóðviljinn*, 27. nóvember 1942, bls. 1 — *Tíminn*, 9. september 1941, bls. 359 — *Tíminn*, 4. október 1942, bls. 442.

⁴⁸ Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943 — Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grundarstíg 2a.

Á jarðhæð Grundarstígs 2a og 4 var rekin nýlenduvöruverslun í hartnær 60 ár, síðast undir nafninu *Þingholt*. Önnur fyrirtæki sem rekin hafa verið í gegnum árin við Grundarstíg eru *Rómeó og Júlía*, fornbókaverslunin *Bókin hf.*, *Tízkubúðin*, saumastofan *Húll*, skrifstofa Sósíalista-flokksins, Kjötverslun Jóhannesar Jóhannssonar og snyrtistofa Önnu Helgadóttur. Einnig hafa ýmsar saumastofur verið starfræktar við Grundarstíg.



Auglýsing um snyrtistofu á Grundarstíg 10.⁴⁹

Húsin sem hér hafa verið til umfjöllunar eru öll fyrsta kynslóð húsa á sinni lóð fyrir utan viðbygginguna við Þingholtsstræti 27. Eins og áður hefur verið minnst á tilheyrði lóðin Þingholtsstræti 27 áður Skálholtstúni. Á henni stóð torfbær sem nefndur var í upphafi *Bær*, síðar *Halldórsbær* og að endingu *Syðstibær*. Árið 1897 keypti Jón Jensson yfirdómari bæinn. Hann fékk byggingarleyfi fyrir nýju húsi á lóðinni árið 1897 og var það brunavirt fyrsta sinni í ágúst 1898. Húsið var byggt á því tímabili sem kalla má hápunkt íslenskrar timburhúsagerðar, þegar reist voru stór timburhús bæði til íbúðar og atvinnurekstrar í miðbænum. Húsið var einlyft timburhús með miðjukvisti og kjallara. Það var klætt með timbri en með járni á austurhlið og suðurgafli. Árið 1947 reisti *Prentsmiðjan Hólar* núverandi hús á horni Þingholtsstrætis og Skálholtstígs. Þetta nýja hús þrengdi mjög að gamla húsinu þar sem það var byggt upp að tröppum aðaldyra eða um 1 metra frá SA-gafli. Þar náði sólin ekki til og skemmdist því sú hlið af fúa og ryði.



Þingholtsstræti 27 um 1960–1970.⁵⁰

⁴⁹ *Morgunblaðið*, 27. nóvember 1947, bls. 9.

⁵⁰ Ljósmyndari Skarphéðinn Haraldsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur SKH ÁBS Þingholtsstræti 9.

Árið 1975 kom upp eldur í húsinu og skemmdist það talsvert eða um 60% af öllu húsinu. Húsið var þó heillegt að utan og virtust stórviðir þess óskemmdir nema hvað viðkom sperrum og þaki. Þrátt fyrir að húsið hafi orðið fyrir skemmdum vegna brunans studdi borgarminjavörður endurbyggingu þess eindregið vegna menningarsögulegs gildis þess. Í desember 1977 kom aftur upp eldur húsinu og lést einn maður. Í júní 1978 var húsið flutt yfir á lóðina nr. 28 við Þingholtsstræti og endurbyggt þar sem næst upphaflegri gerð.

Nafngiftir gatnanna

Fram á fyrstu áratugi 20. aldar tíðkaðist að ný götunöfn í Reykjavík væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla og eru Þingholtsstræti og Grundarstígur dæmi um það.⁵¹

Grundarstígur

Nálægt Grundarstíg 5a stóð áður tómthúsbylíð *Grund*, byggt árið 1849. Á horni Bergstaðastrætis og Spítalastígs stóð annar bær sem hét *Litla-Grund*. Þar fyrir neðan var bærin *Mið-Grund*. Við þessa bæi er gatan kennd.⁵² Götunnar er fyrst getið í manntali árið 1892.



Grundarstígur 4 árið 1954 þegar Sósíalistaflokkurinn var þar til húsa.⁵³

Skálholtsstígur

Skálholtsstígur á nafn sitt að rekja til hjáleigunnar *Skálholtskots*, sem stóð um það bil þar sem götustæðið er nú milli Laufásvegar 13 og 17. Laufásvegur var upphaflega götuslóði að *Skálholtskoti*. Ekki er vitað hvenær byggð hófst í *Skálholtskoti* en árið 1703 var þar talinn einn ábúandi og fjórir heimilismenn. Þar sem nú er *Mæðragarðurinn* var áður land *Skálholtskots*.⁵⁴ Skálholtsstígs er fyrst getið í manntali árið 1890.

⁵¹ Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 279–280.

⁵² Guðjón Friðriksson: „Á slóðum Grundarbæjanna í Reykjavík“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. október 1990, bls. 8.

⁵³ *Þjóðviljinn*, 30. maí 1954, bls. 6.

⁵⁴ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R–Ö), bls. 48–49.

Þingholtsstræti

Upp úr miðri 18. öld var ákveðið að þingstaður Seltjarnarneshrepps skyldi fluttur frá Kópavogi til Reykjavíkur. Þá var reist þinghús nyrst í landi *Stöðlakots*, hér um bil þar sem Skólastræti 5 og 5b er í dag. Húsið er ekki á uppdrætti af Reykjavík 1801 og virðist því ekki hafa staðið lengi. Árið 1765 var reist tómthúsbylí skammt frá þinghúsinu sem nefnt var *Þingholt* og árið 1774 var reist annað býli með sama nafni skammt þar frá. Á næstu árum risu fleiri torfbær í kringum þessi hús og með tímanum færðist nafnið *Þingholt* yfir þennan hluta *Arnarhólsholts* sem var ofan túngarða *Stöðlakots* og *Skálholtskots*.⁵⁵ Götunnar er fyrst getið í manntali árið 1881.

Spítalastígur

Árið 1884 var reistur spítali á núverandi lóð Þingholtsstrætis 25. Við hann er Spítalastígur kenndur. Spítalinn sendur enn og er í daglegu tali kallaður *Farsóttahúsið*. Gatan er fyrst talin í manntali árið 1902 en nafnið var þó komið fram um 1896–1898.

⁵⁵ Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R–Ö), bls. 181.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er lagt er mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Til umfjöllunar er staðgreinireitur **1.183.3** í Reykjavík sem afmarkast af Grundarstíg, Skálholtsstíg, Þingholtsstræti og Spítalastíg.

Varðveislumat húsa á ofangreindum staðgreinireit samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur:

RAUÐUR FLOKKUR: Hús sem huga ber að friðun á.

Þingholtsstræti 25 – Farsóttahúsið – 1884

GRÆNN FLOKKUR: Verndun 20. aldar bygginga. Hús með listrænt gildi, 30 ára og eldri, höfundardæmi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Grundarstígur 10 – 1915

Steinsteypt íbúðarhús Hannesar Hafstein eftir teikningum Benedikts Jónassonar. Höfundardæmi, vel varðveitt.

APELLSÍNUGULUR FLOKKUR: Hús byggð fyrir 1918. Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein, um allar breytingar á núverandi ástandi.

Grundarstígur 6 – 1906

Viðbætur við húsverndarskrá Reykjavíkur á varðveislumati húsa á ofangreindum staðgreinireit:

DÖKKGULUR FLOKKUR: Verndun götummynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi. Lagt er til að heildarsvipmót götummyndar / húsaraða og hús með umhverfisgildi njóti verndar. Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Grundarstígur 2 – 1929

Grundarstígur 2a – 1927

Grundarstígur 4 – 1925

HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR



Húsaskrá

Fyrsti eigandi Lucinde Sigurðsson

Hönnun Hafliði Jóhannsson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Steinsteyp	Þrílyft	1983	Íbúð 1. hæð sp.	Hörður Björnsson	
Klæðning	Múrsléttað	Ris	1986	Íbúð á efstu hæð sp.	Hörður Björnsson	
Þakgerð	Mænisþak	Kjallari	1991	Svalir	Árni Kjartansson og	arkitekt
Þakklæðning	Bárujárn	Kvistir	1991	Fyrirkomul.breyt.	Sigbjörn Kjartansson	arkitekt
Undirstöður		Svalir	2003	Íbúð á 1. hæð	Guðmundur Kr.	arkitekt
			?	Gluggabreyting	Kjartan H. Óskarsson	innhúsa.

Saga

Á þessari lóð var fyrst reistur torfbær um 1833 sem kallaður var *Berg*. Árið 1879 var bærinn byggður upp að nýju og var nýtt hús virt á lóðinni árið 1880. Það var steinhús með hellupaki. Það hús var rífið árið 1928 til að rýma fyrir núverandi húsi. Lóðinni var skipt árið 1927 þannig að hornlóðin varð nr. 2 en næsta lóð fyrir sunnan var talin nr. 2a. Byggingarleyfi fyrir núverandi húsi á lóðinni var veitt í ágúst 1926 og aftur í apríl 1928. Húsið var fyrst virt í apríl 1929. Það er þrílyft steinsteypuhús með kjallara undir helmingi, risi og svölum, tveimur kvistum og fjórum gluggakvistum. Húsið er múrsléttað að utan og þakið klætt járn. Á jarðhæð hússins voru upphaflega þrjár sölubúðir en íbúðir á öðrum hæðum. Húsið var virt ári síðar og var þá fullgjört að öllum frágangi. Árin 1963 og 1964 var synjað beiðni um að stækka húsið. Árin 1983, 1986, 1991 og 2003 voru samþykktar ýmsar fyrirkomulagsbreytingar sem og áður gerðar íbúðir í húsinu. Árið 1991 var einnig samþykkt að rífa bakstiga og byggja nýjar svalir á 3. og 4. hæð hússins. Árið 1997 var samþykkt að byggja svalir á 2. hæð líkt og á 3. og 4. hæð en samkvæmt vettvangsferð árið 2010 er það ógert. Ekki er vitað hvenær gluggapóstum var breytt. Upphaflega voru sölubúðir bæði á jarðhæð hússins sem og jarðhæð Grundarstígs 2a. Oft er óljóst hvort auglýsingar í blöðum og tímaritum eiga við Grundarstíg 2 eða 2a. Á meðal þeirra verslana sem reknar hafa verið í húsinu eru *Tískubúðin*, *Rómeó* og *Júlía* og fornbókaverslunin *Bókin hf.* Jórunn Brynjólfssdóttir rak einnig vefnaðarvöru-verslun í húsinu fram til ársins 1975.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuklassík.

Menningarsögulegt gildi: Byggt skv. hugmyndum um randbyggð frá 3. áratugi 20. aldar og sem hornhús með verslun á götuhæð.

Umhverfisgildi: Hornhús og kennileiti í umhverfinu. Mikið gildi fyrir götumyndina.

Upprunaleg gerð: Gluggar augnstungnir og svalir á 3. og 4. hæð stækkaðar.

Varðveislugildi: Lagt er til að húsið njóti verndar í dökkgulum flokki: Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi, skv. skilgreiningu í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík*.

Fyrsti eigandi Lucinde Sigurðsson

Hönnun Þorleifur Eyjólfsson, Sigurður Pjetursson

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Þrílyft
Ris
Kvistir
Port
Svalir

Helstu breytingar

1941	Atv.húsn. innr./skóli
1945	Atv.húsn. innr./skóli
1955	Gluggabreyting
1955	Atv.húsn. innr.
?	Breytt í íbúð
1975	Fyrirkomul.breyt.
1980	Fyrirkomul.breyt.
1980	Endurbætur
2010	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Sveinn Torfi Sveinsson	verkfr.
Sveinn Torfi Sveinsson	verkfr.
Guðni Þórðarson	arkitekt
GHint efh.	

Saga

Byggingarleyfi var veitt í ágúst 1926 og húsið tekið til virðingar í júlí 1927. Það er þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu með jarnþaki, tveimur kvistum, miðjukvisti og tveimur gluggakvistum á götuhlið, porti og risi. Skv. fyrstu virðingu voru íbúðir á öllum hæðum hússins en ekki að fullu frágengnar nema á jarðhæðinni en ári síðar var húsið fullgert að smíði og frágangi. Þá var einnig búið að setja svalir út frá efstu hæð á vesturhlið hússins. Lóðinni var skipt árið 1927 þannig að hornlóðin varð nr. 2 en þessi lóð var talin nr. 2a. Árið 1941 var á neðstu hæð hússins skólastofa *Handíða- og myndlistarskólans* en stofnandi skólans, Lúdvíg Guðmundsson, keypti húsið það sama ár. Sama ár er líka virtur nýr steinsteypur geymsluskúr við húsið en leyfi fékkst fyrir honum 1928. Árið 1934 var veitt leyfi til að byggja þurrkúshús ofan á geymsluskúrinn. Árið 1945 var búið að breyta íbúðum hússins í skólastofur. Á 2. hæð voru fjögur samliggjandi vinnuherbergi og á hæðinni fyrir ofan var bókbandsvinnustofa, leðuriðja og "annað smádukt". Á rishæð hússins voru íbúðarherbergi. Í skúrnum frá 1941 var handmálningarkennsla, geymsla og þurrkherbergi. Þá er virtur nýr steinsteypur skúr sem byggður er við þann frá 1941. Þar fór fram smíðakennsla. Á árunum 1951-1955 var gluggum hússins breytt að framanverðu en árið 1955 var jarðhæð hússins breytt í verslun. Skólinn var í húsinu fram til ársins 1957 en eftir það er húsinu breytt aftur í íbúðarhús. Árið 1975 var hluti af 1. hæðinni sameinaður Grundarstíg 4 til að auka við verslunarrýmið. Árið 1980 voru unnar ýmsar endurbætur á húsinu, sett tvöfalt gler í alla glugga, nýtt þak og tvær íbúðir endurnýjaðar. Árið 2008 hætti verslunin *Pingholt* starfsemi í húsinu og hafði þá verið rekin þar nýlenduvöruverslun í hartnær 60 ár. Árið 2010 var hafist handa við að breyta gluggum á framhlið jarðhæðar þar sem verslunarrekstri var hætt.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuklassík.

Menningarsögulegt gildi: *Handíða- og myndlistarskólinn* starfræktur í húsinu um skeið. Tengist sögu verslunar í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götummyndina.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Gluggabreyting á jarðhæð.

Varðveislugildi: Lagt er til að húsið njóti verndar í dókkulgum flokki: Verndun götummynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi, skv. skilgreiningu í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík*.

Fyrsti eigandi Helga Sigurgeirsdóttir

Hönnun Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistari

Upphafleg notkun Íbúðarhús



Upphafleg gerð		Útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteypt	Þrílyft	1937	Hækkun bakhlið	Arinbjörn Þorkelsson	húsasm
Klæðning	Múrsléttað	Ris	1975	Fyrirkomul.breyt.		
Þakgerð		Kjallari	1986	Svalir	Kristinn Ragnarsson	
Þakklæðning	Bárujárn	Kvistir				
Undirstöður		Port				
		Inng.skúr				

Saga

Byggingarleyfi var veitt í mars 1924 og var húsið fyrst virt í október 1925. Það er þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, múrsléttað og með járnþaki. Það er portbyggt með kvisti á bakhlið og undir því hálfu er kjallari. Inngönguskúr er við vesturhlið hússins. Árið 1925 er einnig virtur geymsluskúr á lóðinni úr steinsteypu.

Árið 1936 var samþykkt að húsið skyldi teljast nr. 4 við Grundarstíg. Árið 1937 var húsið virt á ný. Þá var búið að hækka bakhlið þess í fulla lofthæð. Þá var einnig búið að hækka geymsluskúrinn í 4,5 m. Jafnframt var þá virtur nýr geymsluskúr á lóðinni sem enn stendur. Árið 1975 var hluti af 1. hæðinni sameinaður Grundarstíg 2a til að auka við rými verslunar í því húsi. Árið 1986 var samþykkt að byggja mætti svalir á 2. og 3. hæð hússins en einungis voru settar svalir á 2. hæð. Í október 1989 kviknaði í geymslu hússins. Samkvæmt frétt DV frá 2. október 1989 urðu skemmdir á húsinu ekki teljandi.

Húsið hefur einkum verið notað til íbúðar en um tíma (um 1940-1941) leigði miðstjórn Sósíalistaflokksins herbergi fyrir skrifstofur í húsinu. Þá var saumastofan *Húll* rekin í húsinu árunum 1951-1961.

Varðveislumat:

- Byggingarstíll: Steinsteypuklassík.
- Menningarsögulegt gildi: Byggt skv. hugmyndum um randbyggð frá 3. áratugi 20. aldar.
- Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina.
- Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.
- Varðveislugildi: Lagt er til að húsið njóti verndar í dökkgulum flokki: Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi, skv. skilgreiningu í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík*.

Fyrsti eigandi Stefán Kr. Bjarnason
skipstjóri

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð		Útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Timbur, bindingur	Tvílyft	1950	Endurbætur	Stefán Örn Stefánsson	arkitekt
Klæðning	Bárujárn	Ris	1951	Endurbætur		
Þakgerð		Kjallari	1989	Endurbætur		
Þakklæðning	Bárujárn	Inng.skúr				
Undirstöður		Svalir				

Saga

Húsið reistu Stefán Kr. Bjarnason og Ingibjörg Zakaríasardóttir en faðir hennar reisti hús á Grundarstíg 2 árið 1880. Byggingarleyfi var veitt í janúar 1906 og skv. því stendur húsið vestan við væntanlegt framhald Grundarstígs. Húsið var fyrst tekið til virðingar í október 1906. Það er tvílyft íbúðarhús úr timbri með risi og kjallara. Húsið er járnklætt, bæði þak og veggir. Við suðurgafli þess er inngönguskúr með þaksvölum og kjallara. Við vesturhliðina er einnig inngönguskúr. Húsið var talið nr. 4 við Grundarstíg allt fram til ársins 1936.

Húsið er óbreytt samkvæmt virðingum 1923, 1942 og 1945. Árið 1950 er það óbreytt að stærðum en hefur verið talsvert umbætt, svo sem komið fyrir baðkeri, smíðaðir skápar í eldhús og fleira. Þá er einnig settur nýr stigi úr stáli utan á húsið. Húsið er tekið til virðingar ári síðar og hafa þá verið gerðar á því talsverðar umbætur innanhúss: nýjar hurðir, gler í glugga, nýtt gólfefni og kjallari allur endurbyggður og innréttuð íbúð. Þá voru allar raflagnir endurnýjaðar og húsið málað að utan og bárujárn endurnýjað eftir þörfum. Þá var virt ný girðing úr járni kringum alla baklóðina. Árið 1989 var samþykkt að hækka risið á húsinu úr 28° í 45° þannig að það yrði íbúðarhæft. Þakið var þá ónýtt og þurfti að endurnýja það.

Frá árinu 1923 er að finna auglýsingar um saumaviðgerðir í húsinu og aftur árið 1945.

- Varðveislumat:**
- Byggingarstíll:** Bárujárnssveitser með gluggum í jügendstíl.
- Menningarsögulegt gildi:** Hluti af elstu byggð á svæðinu.
- Umhverfisgildi:** Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina. Hluti af byggðamynstri Þinghóltanna.
- Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð utan þess að þaki þess hefur verið lyft.
- Varðveislugildi:** **Húsið nýtur verndar í appelsínugulum flokki skv. skilgreiningu í þemaheftinu Húsvernd í Reykjavík, þ.e. allar breytingar eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001, vegna aldurs.**

Fyrsti eigandi Kristín Árnadóttir

Hönnun Pjetur Ingimundarson
byggingameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð	Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Hlaðið úr holsteini	Tvílyft	1923 Kvistur
Klæðning	Múrsléttað	Kjallari	1933 Endurbætur
Þakgerð	Mænispak	Ris	
Þakklæðning	Bárujárn		
Undirstöður			

Saga

Byggingarleyfi var veitt í ágúst 1919 og var húsið tekið til virðingar í desember 1920. Það er tvílyft íbúðarhús úr holsteini, sementsléttað að utan og með járnþaki. Kjallari er undir öllu húsinu og í honum eru geymsluherbergi og þvottahús. Á neðri hæðinni voru frá upphafi fimm íbúðarherbergi, eldhús, búr, tveir gangar og salerni. Sama herbegisskipan var á efri hæðinni. Á efsta lofti voru einnig íbúðarherbergi.

Árið 1921 var veitt leyfi til að setja þrjá kvistglugga á húsið, tvo götumegin og einn á vesturhlið. Húsið var tekið til virðingar á ný árið 1923. Þá er það sagt óbreytt frá árinu 1920 að öðru leyti en því að á þaklyfti hafa verið gerð fimm íbúðarherbergi. Ekki er tekið fram að settir hafi verið kvistir á húsið en með fjölgun íbúðarherbergja má ætla að það hafi verið gert. Húsið var tekið til virðingar á ný árið 1933 og var þá óbreytt en hafði verið endurbætt allmikið hvað viðhald snerti. Árið 1966 samþykkti heilbrigðisnefnd Reykjavíkur að leggja bann við því að íbúð í kjallara yrði tekin í notkun á ný þar sem hún var talin heilsuspillandi. Árið 2003 var gert björgunarop á þak hússins vegna eflingar brunavarna í húsinu.

Gunnar Árnason búfræðikandidat keypti húsið árið 1933 og bjó á 2. hæð þess til dauðadags árið 2002. Í þessu húsi ólst einnig upp María Markan óperusöngkona og Elías Mar rithöfundur.

Varðveislumat:

- Byggingarstíll:** Steinhlaðið hús úr holsteini. Steinsteypuklassík.
- Menningarsögulegt gildi:** Æskuheimili Maríu Markan óperusöngkonu og Elíasar Mar rithöfundar.
- Umhverfisgildi:** Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina.
- Upprunaleg gerð:** Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð utan kvista sem settir voru þremur árum eftir byggingu.
- Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.

Fyrsti eigandi

Hannes Hafstein
bankastjóri/ráðherra

Hönnun

Benedikt Jónasson
verkfræðingur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús



Upphafleg gerð		Útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Steinsteyp	Einlyft	?	Nýtt þakefni		
Klæðning	Múrsléttað	Ris	2010	Endurbætur	Stefán Örn Stefánsson	arkitekt
Þakgerð	Brotapak(mansard)	Kjallari			Grétar Markússon	arkitekt
Þakklæðning	Hellur	Kvistir				
Undirstöður		Svalir				

Saga

Árið 1915 keypti Hannes Hafstein, skáld og fyrrverandi ráðherra, suðausturhluta lóðarinnar nr. 27 við Þingholtsstræti af Jóni Jenssyni. Byggingarleyfi var veitt sama ár og var húsið fyrst tekið til virðingar í nóvember 1915. Það er einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með mansardþaki, miðjukvisti, þremur kvistgluggum, veggsvölum, risi og kjallara. Þak hússins var klætt með þakhellum. Á aðalhæð hússins voru fjögur íbúðarherbergi, eldhús, búr, tvær forstofur, salerni og fastir skápar. Á efri hæð voru sex íbúðarherbergi, baðherbergi og stór gangur. Í kjallara hússins voru geymslur og þvottahús. Árið 1938 var veitt leyfi til að reisa bílskúr á lóðinni úr vikursteini. Hann var virtur árið 1939 og var úr steinsteypu á alla vegu. Hann var síðar rifinn. Húsið var óbreytt samkvæmt virðingum 1924, 1939 og 1946. Ekki er að finna upplýsingar um hvenær nýtt þakefni var sett á húsið, járn í stað skífa. Í desember 2008 var veitt leyfi til að vinna að endurbótum á húsinu. Einnig var sótt um leyfi fyrir viðbyggingu á lóðinni. Í mars 2009 var samþykkt að setja svalir á vesturgafli hússins á rishæð. Árið 2010 var þakið endurbætt og það klætt læstri zinkklæðningu, gluggar endurnýjaðar og gert við steypa útveggi og húsð filtað utan. Nú (2011) standa yfir endurbætur á húsinu.

Hannes Hafstein bjó í húsinu þar til hann lést 13. desember 1922. Eftir það áttu Magnús Pétursson bæjarlæknir og Einar Einarsson skipherra hjá Landhelgisgæslunni húsið. Árið 1928 keypti Helgi Guðbrandsson sjómaður frá Akranesi og fjölskylda hans húsið og var það í eigu fjölskyldunar til ársins 2007.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í júgendstíl.

Menningarsögulegt gildi: Heimili Hannesar Hafstein fyrsta ráðherra Íslands.

Umhverfisgildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina.

Upprunaleg gerð: Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð utan þess að þakefni hefur verið breytt úr skífu í járn.

Varðveislugildi: Húsið er í flokki um verndun 20. aldar bygginga skv. skilgreiningu í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík*. Í þeim flokki eru hús með listrænt gildi og þarf að sýna sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga. Húsið er meðal frumkvöðlaverka í gerð steinsteypu-húsa og gott höfundardæmi. Það er meðal þeirra steinsteypuhúsa sem Hörður Ágústsson arkitekt taldi æskilegt að friða (*Íslensk byggingararfleifð II*. Rvk. 2000,bls. 320).

Fyrsti eigandi Sjúkrahúsfélag
Reykjavíkur

Hönnun Helgi Helgason
snikkari

Upphafleg notkun
Sjúkrahús



Upphafleg gerð	Útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	1910 Bruni	
Klæðning	Timbur og járn	1913 Inngönguskúr	
Þakgerð	Mænisþak	1921 Kvistur	
Þakklæðning	Bárujárn	1921 Nýr kjallari	
Undirstöður		1921 Ný klæðning	
		1950 Svalir	Einar Sveinsson
		1950 Viðbygging	Einar Sveinsson
		1985 Endurbætur	Leifur Blumenstein
		2000 Fyrirkomul.breyt.	
		2008 Fyrirkomul.breyt.	

Saga

Árið 1882 var leyfi veitt til byggingar sjúkrahúss í Reykjavík og var því fundinn staður að Þingholtsstræti 25. Húsið var fullbyggt árið 1884 og er það tvílyft timburhús þar sem múrað er í binding. Það var járnklætt á austur-og suðurgafli og þakið var einnig klætt járn. Kjallari var undir vesturluta hússins. Í janúar 1885 var virt líkhús á lóðinni. Það var byggt úr bindingi og klætt járn bæði þak og veggir. Þann 22. janúar 1910 kom upp eldur í húsinu en skemmdir urðu ekki miklar. Árið 1913 var virtur inngönguskúr við austurhlið hússins. Húsið var tekið til virðingar á ný árið 1921 og þá nefnt *Farsóttahús*. Þá hafði húsið verið talsvert endurbætt, settur nýr kvistur á austuhlið þess og það allt klætt járn. Þá er virtur kjallari undir öllu húsinu. Árið 1950 voru settar nýjar veggisvalir á rishæð og reist tvílyft viðbygging úr timbri með veggsvölum á steinsteyptan kjallara, járnklædd utan. Árið 1985 fóru fram gagngerar endurbætur á húsinu og árið 1986 var líkhúsið fjarlægt sem og annar skúr á lóðinni. Árin 2000 og 2008 voru gerðar fyrirkomulagsbreytingar innanhúss. Starfsemi Læknaskólans fór fram að miklu leyti í húsinu og í líkhúsinu fóru fram krufningar. Árið 1902 var sjúkrahúsrekstri hætt en það ár tók Landakotsspítali til starfa. Árið 1910 keypti bærinn húsið og innréttaði íbúðir í því og leigði út. Búseta var í húsinu fram til ársins 1919 þegar bæjaryfirvöld ákváðu að þörf væri á að bærinn hefði yfir að ráða farsóttahúsi. Bærinn endurbætti húsið talsvert og hafði Jón Þorláksson yfirverkfræðingur umsjón með framkvæmdunum. Jón Hj. Sigurðsson var ráðinn læknir og forstöðumaður farsóttasjúkra-hússins og María Maack hjúkrunarkona þess. Hún gegndi því starfi í yfir 50 ár. Sjúkrahússtarfsemi var í húsinu fram til ársins 1969, er því var breytt í gistiheimili fyrir heimilislausa áfengissjúklinga.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Nýklassík.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu byggð á svæðinu. Tengist sögu heilbrigðismála á Íslandi.

Umhverfisgildi: Fallegt og vel varðveitt hornhús. Kennileiti í umhverfinu. Hluti af upphaflegri götumynd.

Upprunaleg gerð: Húsinu hefur verið breytt frá upprunalegri gerð með viðbyggingu en haldið vel við.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998) er þetta hús í rauðum flokki, hús sem huga ber að friðun á. Allar breytingar á húsinu eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001 vegna aldurs.

Fyrsti eigandi Prentsmiðjan Hólar

Hönnun Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson, arkitektar

Upphafleg notkun Íbúðarhús, prentsmiðja



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteyp
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Fjórlyft
Kjallari
Turn
Svalir

Helstu breytingar

1981	Viðbygging
1981	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Guðm. Kr. Guðmundss.
Ólafur Sigurðsson
Guðm. Kr. Guðmundss.
Ólafur Sigurðsson

Saga

Lóðin Þingholtsstræti 27 tilheyrði áður Skálholtstúni. Á henni stóð torfbær sem nefndur var í upphafi *Bær*, síðar *Halldórsbær* og að endingu *Syðstibær*. Árið 1898 reisti Jón Jensson yfirdómari timburhús á lóðinni. Það stóð að mestu óbreytt fram til ársins 1975 er það skemmdist mikið af bruna. Árið 1978 var það hús flutt yfir götuna og endurgert og er nú (2011) númer 28 við Þingholtsstræti. Árið 1945 fékk *Prentsmiðjan Hólar* byggingarleyfi fyrir nýju húsi á lóðinni Þingholtsstræti 27, fyrir sunnan húsið frá 1898. Það var virt árið 1947 og er fjórlyft steinsteypuhús með kjallara og turnbyggingu. Samkvæmt virðingunni voru á 1. hæð hússins tvær sölubúðir, saumastofa, lyftuhús og stigahús. Á 2. hæð var prentsmiðja, þrjár vinnustofur, bókbandsstofa, setningarsalur og vélasalur. Á 3. hæð voru sauma- og skrifstofur og á 4. hæð íbúðarherbergi. Árið 1976 var veitt leyfi fyrir fjórlyftri viðbyggingu úr steinsteypu norðan við húsið. Ekki er til virðing fyrir því húsi. Samkvæmt dagbók byggingafulltrúa var húsið í byggingu 1978-1981. Árið 1981 var byggt gróðurhús úr gleri yfir svalir á 4. hæð eldra hússins. Veitt hefur verið leyfi fyrir ýmsum fyrirkomulagsbreytingum innanhúss í báðum húsunum árin 1995, 2000, 2003 og 2004.

Í húsunum hefur verið ýmiskonar atvinnustarfsemi frá því að þau voru byggð. Auk lestrarsalar Borgarbókasafnsins voru þar aðalskrifstofur bókasafnsins, saumastofa *Felds hf.*, nýlenduvöruslunin *Matur og drykkur*, *MÍR* og bókaútgáfan *Leiftur*.

Eftir 2000 hafa auk íbúða verið í húsunum ýmsar stofur arkitekta sem og Íslandsdeild *Amnesty International*.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Eldra hús: Atvinnuhúsnæði í fúnkísstíl. Yngra hús: Húsagerð frá 9. áratug 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Eldra hús: Prentsmiðjan *Hólar* rekin í húsinu undir stjórn Hafsteins Guðmundssonar.

Umhverfisgildi: Eldra hús: Hornhús með turnbyggingu.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Ekki er gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum.


Húsaskrá

Horfin hús – Flutt hús

Fyrsti eigandi Erlendur Runólfsson
tómthúsmaður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Torfbær
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1879 Niðurrif torfbærjar
1880 Nýbygging/Steinhús
1918 Inngönguskúr
1928 Rífið

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1833 var mæld út lóð fyrir sunnan bæinn *Holt*. Á þeirri lóð, sem í dag telst til Grundarstígs 2, er talið að torfbær hafi verið reistur um svipað leyti sem kallaður var *Berg*. Fyrsti eigandi hans var Erlendur Runólfsson, sonur Runólfs Klemenssonar í *Lækjarkoti*.

Árið 1856 eignaðist Zakarías Árnason bæinn en hann var giftur dóttur Erlends, Sigríði. Eftir það var bæinn gjarnan nefndur *Zakaríasbær*. Zakarías var rennismiður og þekktur fyrir vel gerða rokka. Hann stundaði einnig sjóinn og var garðhleðslumaður mikill. Börn Zakaríasar og Sigríðar voru vegavinnustjórnir Árni og Erlendur, Magnús bókhaldari og Ingibjörg, eiginkona Stefáns Kr. Bjarnasonar skipstjóra. Árið 1879 fékk Zakarías leyfi til að byggja bæinn upp að nýju og var nýtt hús virt á lóðinni árið 1880. Það var steinhús með hellupaki. Húsið var tekið til virðingar á ný árið 1882 og var þá fullgert. Árið 1918 var húsið virt á ný og var þá eigandi þess Magnús Jónsson lyfsalaþjónn. Húsið var þá óbreytt að stærðum en kominn inngönguskúr úr bindingi við það.

Húsið var rífið árið 1928 til að rýma fyrir núverandi húsi á lóðinni.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunaleg gerð:

Varðveislugildi: Húsið var rífið árið 1928.

Fyrsti eigandi Jón Jensson
"assissant"

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús og Pakkhús



Upphafleg gerð		Útlit	Helstu breytingar		Hönnuðir breytinga	
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	1923	Inngönguskúr	Guðm. Kr. Guðmundsson Ólafur Sigurðsson Magnús Skúlason	arkitekt
Klæðning	Timbur og járn	Kvistir	1935	Svalir fjarlægðar		
Þakgerð	Mænisþak	Kjallari	1975	Bruni		
Þakklæðning	Bárujárn	Svalir	1977	Bruni		
Undirstöður			1978	Flutningur		
			1978	Endurgerð uppr.l. útlits		
			1990	Íbúð í kjallara þp.		

Saga

Lóðin Þingholtsstræti 27 tilheyrði áður Skálholtstúni. Á henni stóð torfbær sem nefndur var í upphafi *Bær*, síðar *Halldórs-bær* og að endingu *Syðstibær*. Árið 1897 keypti Jón Jensson yfirdómari bæinn. Jón var bróðursonur Jóns Sigurðssonar forseta. Hann fékk byggingarleyfi fyrir nýju húsi á lóðinni árið 1897 og var það virt fyrsta sinni í ágúst 1898. Húsið var byggt á því tímabili sem kalla má hápunkt íslenskrar timburhúsagerðar, þegar reist voru stór timurhús bæði til íbúðar og atvinnurekstrar í miðbænum. Húsið var einlyft timburhús með miðjukvisti og kjallara. Það var klætt með timbri en með járn á austurhlið og suðurgafli. Árið 1923 var virtur inngönguskúr úr bindingi við austurhlið hússins. Árið 1935 voru sólsvalir á kvisti götumegin teknar af sökum fúa. Árið 1947 var byggt nýtt íbúðarhús og prentsmiðja á lóðinni. Þetta nýja hús þrengdi mjög að gamla húsinu þar sem það var byggt upp að tröppum aðaldyra eða um 1 metra frá SA-gafli. Þar náði sólin ekki til og skemmdist því sú hlið af fúa og ryði. Árið 1975 kom upp eldur í húsinu og skemmdist það talsvert eða um 60% af öllu húsinu. Húsið var þó heillegt að utan og virtust stórviðir þess óskemmdir nema hvað viðkom sperrum og þaki. Þrátt fyrir að húsið hafi orðið fyrir skemmdum vegna brunans studdi borgarminjavörður endurbyggingu þess eindregið vegna menningarsögulegs gildis þess. Í desember 1977 kom aftur upp eldur húsinu og lést einn maður. Í júní 1978 var húsið flutt yfir götuna á lóðina nr. 28 við Þingholtsstræti og endurbyggt þar sem næst upphaflegri gerð.

Varðveislumat:	
Byggingarstíll:	Sveitserstíl með nýklassískum áhrifum.
Menningarsögulegt gildi:	Hluti af elstu byggð á svæðinu. Hluti af byggðamynstri Þingholtanna.
Umhverfisgildi:	Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina.
Upprunaleg gerð:	Húsið hefur verið endurbyggt sem næst upprunalegri gerð.
Varðveislugildi:	Í Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið <i>Húsvernd í Reykjavík</i> , 1998) er þetta hús í rauðum flokki, hús sem huga ber að friðun á. Allar breytingar á húsinu eru háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001 vegna aldurs.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn (MsR – Ábs.):

Byggðar lóðir í Reykjavík.

Húsaskrá Reykjavíkur.

Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895.

Aðf. 734–748. Brunabótavirðingar.

Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943.

Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.

Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Grundarstíg, Skálholtsstíg, Spítalastíg og Þingholtsstræti.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (Byggf. Rvk.):

Dagbækur.

Innlagðar teikningar.

Prentaðar heimildir:

Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. *Reykjavík fyrri tíma. Sögukaflar*. 2. bindi. Reykjavík 1985, bls. 270–281.

Árni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi. Reykjavík 1985.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík 1989.

Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík. 6 gönguleiðir um Þingholt og sunnanvert Skólavörðuholt*. Reykjavík 1995.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 1994.

Guðjón Friðriksson: „Á slóðum Grundarbæjanna í Reykjavík“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 6. október 1990, bls. 8–9.

Hrefna Róbertsdóttir: *Gamli austurbærinn. Timburhúsabyggð í norðanverðu Skólavörðuholti frá byrjun 20. aldar*. Ritröð Árbæjarsafns 2. Reykjavík 1989.

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifi I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750–1940*. Reykjavík 1998.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 186-1990. Verndunaróskir.* Reykjavík 2000.

Ísafold, 29. október 1884, bls. 170

Ísafold, 5. nóvember 1884, 174–175.

Jón Helgason: *Reykjavík. Ættir og myndir úr sögu bæjarins 1786-1936.* Reykjavík 1937.

Jón Helgason: *Þegar Reykjavík var fjórtán vetra.* Reykjavík 1916.

Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Morgunblaðið, 27. nóvember 1947, bls. 9.

Morgunblaðið, 21. október 1959, bls. 8

Morgunblaðið 14. desember 1989.

Morgunblaðið, 10. september 1999.

Nikulás Úlfar Mátsson: „Ágrip byggðarpróunar í Reykjavík“. *Leiðsögn um íslenska byggingarlist.* Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000, bls. 16–23.

Páll Línal: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938.* Reykjavík 1982.

Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund.* 1. bindi (A–G), 2. bindi (H–P) og 3. bindi (R–Ö). Reykjavík 1987 og 1991.

Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750–1970. Ritroð Húsafriðunarnefndar ríkisins: Viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverða húsa. Reykjavík 2000.

Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1915 B. Reykjavík 1915.

Tíminn, 9. september 1941, bls. 359.

Tíminn, 4. október 1942, bls. 442.

Trausti Valsson: *Reykjavík. Vaxtarbroddur. Þróun höfuðborgar.* Reykjavík 1986.

Vísir, 20. nóvember 1920, bls.1.

Vísir, 21. október 1964, bls. 7 og 10.

Þjóðviljinn, 27. nóvember 1942, bls. 1.

Þjóðviljinn, 20. september 1953, bls. 12.

Þjóðviljinn, 30. maí 1954, bls. 6.

Ýmis dagblöð og tímarit frá um 1884–1999 (sjá <http://timarit.is/>).

Skipulagsforsögn:

Grundarstígsreitur. Skipulagsforsögn og verklýsing fyrir deiliskipulag Grundarstígsreits, júní 2010. http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skipbygg/skipulagsm_l/mal_kynningu/hagsmunadilakynningar/grundarst_gsreitur_forsoegn.pdf

Vefsíður:

Borgarvefsjá, <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (13.01.2011).

Fasteignaskrá Íslands, <http://www3.fmr.is/Fasteignaskra> (jan. 2011).

Kirkjugarðasamband Íslands, http://gardur.is/einstakl_itarefni.php?nafn_id=156469 (febrúar 2011).

Samhjálp, <http://www.samhjalp.is/index.asp?p=Gistiskylid.asp> (14.02.2011).

Tímarit.is, <http://timarit.is/>.

Myndaskrá

Þær myndir þar sem ekki er getið um annað tók Helga Maureen Gylfadóttir á vettvangi í nóvember 2010. Myndina af Grundarstíg 10 í húsaskránni tók Margrét Þormar árið 2009.

Teikningar af húsum sem birtast í húsaskrá eru varðveittar hjá Byggingarfulltrúanum í Reykjavík.

Forsíða. Loftmynd af svæðinu frá ca 1927. Ljósmyndari ókunnur. Minjasafn Reykjavík - Árbæjarsafn, I-789.

bls. 7. Kort af svæðinu sem er hér til umfjöllunar. <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (13.01.2011).

bls. 9. Hluti af skipulagsuppdrættinum frá 1927. Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 108.

bls. 10. Teikning af svæðinu 1876 eftir Niels Aage-Edwin. Býlin við núverandi Grundarstíg fyrir ofan miðju hægra megin. Hluti af korti Niels Aage-Edwin af Reykjavík 1876. Teikning gerð eftir korti sem Benedikt Gröndal teiknaði eftir mælingum Sveins Sveinssonar. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

bls.11. Svæðið á korti Benedikts Gröndal frá 1887. Þingholtsstræti 25, *Spítalinn*, er litaður rauður. Hluti af korti Benedikts Gröndal af Reykjavík 1887. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

bls. 12. Húsið að Þingholtsstræti 25 um 1955–1965. Líkhúsið stendur á bak við húsið og þétt upp við Grundarstíg 2. Ljós. Pétur Thomsen. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, PTH 028 035 2-2.

bls. 13. Bréfkorn sem birtist á forsiðu Vísis. *Vísir*, 20. nóvember 1920, bls. 1.

bls. 14. Horft frá Skólavörðuholti vestur yfir Reykjavík árið 1902. Fremst á myndinni sjást bæir við Óðinsgötu og Bergstaðastræti. Til hægri má meðal annars greina Bjargarstíg 17, *Heilmannsbæ*, og Bergstaðastræti 22, *Miðgrund*. Haa húsið þar á bak við er Þingholtsstræti 25, *Farsóttahúsið*. Hér tekið eftir: Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*, *fyrri bindi*, bls. 225.

bls. 15. Svæðið á korti frá 1902. Hluti af korti Landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kmh. af Reykjavík 1902. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

bls. 16. Húsareiturinn á korti frá 1915. Húsin nr. 6 og 10 við Grundarstíg eru risin en bærinn *Berg* stendur enn á horninu. Hluti af korti Ólafs Þorsteinssonar af Reykjavík 1915–1920. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn.

bls. 17. *Prentsmiðjan Hólar* árið 1953. *Þjóðviljinn*, 20. september 1953, bls. 12.

bls. 18. Auglýsing um snyrtistofu á Grundarstíg 10. *Morgunblaðið*, 27. nóvember 1947, bls. 9.

bls. 18. Þingholtsstræti 27 um 1960–1970. Ljósmyndari Skarphéðinn Haraldsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur SKH ÁBS Þingholtsstræti 9.

bls. 19. Grundarstígur 4 árið 1954 þegar Sósíalistaflokkurinn var þar til húsa. *Þjóðviljinn*, 30. maí 1954, bls. 6.

bls. 31. Elías Mar rithöfundur á tröppunum á Grundarstíg 8. Ljós. ókunnur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, 2007 15 301.jpg.

bls. 32. Grundarstígur 10 árið 2009. Ljósmyndari Margrét Þormar.

bls. 39. Eldur í húsinu Þingholtsstræti 27. *Tíminn*, 8. júní 1975, bls. 2.

Skýrslur Árbæjarsafns

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárastígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórsgata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grímsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegur-Úlfarsfellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórsgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrístateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Reykjavík 2010.
- 155 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Reykjavík 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Reykjavík 2011.